

92

17. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1947 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. desember 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

93

28. des.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1947, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1946, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. marz 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.